

Ágætu félagsmenn.

Aðalfundur Veidifélags Árnesinga verður haldinn að Félagslundi í Flóahreppi 8. september 2020.

Á aðalfundinum verður tekin fyrir sameiginleg tillaga stjórnar Veidifélags Árnesinga og Estherar Guðjónsdóttur, formanns Stóru-Laxárdeildar, að nýtingaráætlun fyrir félagið. Tillagan að nýtingaráætlun byggir á því meginverkefni félagsins að tryggja sjálfbærni laxastofnanna og vegna minnkandi fiskgengdar er mikilvægt að félagið taki frumkvæði og kveði á um auknar takmarkanir á veiði. Nýtingaráætlunin kveður á um veiðitilhögun næstu 5 ára. Sú breyting er gerð frá núverandi veiðitilhögun að stangveiði á laxi hefst fyrr en netaveiði og ræður þeirri breytingu að hægt er að sleppa laxi eftir veiði á stöng. Einnig er gerð sú breyting að félagið hættir að halda eftir 10 veiðidögum til að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins og lengist því veiðitímabilið sem úthlutað verður til félagsmanna sem því nemur. Ef ástand fiskistofnanna breytist á gildistímanum er gert ráð fyrir möguleikum á endurskoðun.

Stjórn félagsins skipaði nefnd til að gera tillögur að gjaldskrá félagsins. Í nefndinni voru Drífa Kristjánsdóttir, Torfastöðum, formaður Tungufljótsdeildar, Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum, formaður Stóru-Laxárdeildar, Kjartan Helgason, Haga í Grímsnesi og Ólafur Þór Þórarinsson, Laugardælum, stjórnarmaður í Veidifélagi Árnesinga. Nefndin leggur til að þeir félagsmenn sem nýta veiðirétt sinn, hvort sem þeir hafa tekjur af veiði eða ekki, greiði rekstrarkostnað félagsins. Hætt verði með 10 daga kerfið og miðað við að allir sem nýta veiðirétt sinn greiði tiltekið hlutfall af meðal brúttóveiðitekjum síðustu 3ja ára eða ígildi veiðitekna sinna til félagsins. Undanfarin ár hefur kostnaður við rekstur félagsins verið um 5 milljónir króna. Miðað við þann kostnað er áætlað að félagsmenn þurfi að skila um 7% af veiðitekjum eða ígildi þeirra til að standa undir rekstri félagsins. Ef rekstrarkostnaður félagsins eykst gæti þurft að hækka prósentuna.

Í stang- og netaveiði greiðast 7% af áætlun eða meðal brúttóveiðitekjum síðustu 3ja ára nema þar sem veiði fylgir þjónusta og gisting í veiðihúsi. Í þeim tilfellum er stjórn falið að semja um hver hlutdeildin eigi að vera.

Í stang- og netaveiði greiðist þó aldrei minna en 7% af gjaldi (ígildi veiðitekna) sem reiknað er út frá meðalveiði síðustu 5 ára og meðalsöluverði lax og silungs.

*Dæmi: Meðalveiði jarðar er 50 laxar og 10 silungar =  $(50 \times 3.000 + 10 \times 1.200) \times 7\% = 11.340$  kr til félagsins.*

Gjaldkeri sendir út greiðsluseðil byggðan á áætluðum tekjum eða veiði og gefst félagsmanni síðan tækifæri á að leiðrétta þá áætlun telji hann tilefni til en að öðrum kosti greiðir hann í samræmi við áætlun. Lágmarks áætlun verður 150.000 kr. sem skila 10.500 kr. til félagsins.

Stjórn Veidifélags Árnesinga er sammála um að leggja fyrir aðalfund að samþykkja þessa tillögu nefndarinnar að gjaldskrá fyrir árið 2021. Hún byggir á samkomulagi þeirra sem eru að nýta veiðihlunnindi sín og vikur því frá gildandi arðskrá sem er einnig gjaldskrá samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Umsögn Hafrannsóknarstofnunar um nýtingaráætlunina, dags. 23. mars 2020, fylgir með bréfi þessu og hefur meðfylgjandi nýtingaráætlun tekið mið af henni.

Vilji félagsmenn koma á framfæri athugasemdum til stjórnar, t.d. vegna nýtingaráætlunar, eða fá nánari upplýsingar geta þeir leitað til formanns í síma 892-0372 eða jorundur@logbyli.is

Kaldaðarnesi, 28. september 2020, Jörundur Gauksson, formaður Veidifélags Árnesinga.

<b>ÁRBORG</b>	
Brtt: 15.51	Mott: 24.09.20
Ábm: G.H.H.	Mnr: 2009832

## Aðalfundarboð

Aðalfundur Veiðifélags Árnésinga verður haldinn í Félagslundi, Flóahreppi, fimmtudaginn 8. október 2020, kl. 13:30.

### Dagskrá fundarins:

1. Fundarsetning ásamt sameiginlegri tillögu stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.
2. Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.
3. Skýrsla stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2019 lagðir fram og skýrðir.
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 lögð fram.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlunar.
7. Skýrsla Magnúsar Jóhannssonar, fiskifræðings hjá Hafrannsóknarstofnun.
8. Sameiginleg tillaga stjórnar að nýrri gjaldskrá.
9. Sameiginleg tillaga stjórnar að nýtingaráætlun fyrir félagið.
10. Umræður og afgreiðsla á tillögum stjórnar.
11. Stjórnarkjör.
12. Kjör skoðunarmanna.
13. Önnur mál.
14. Fundarslit.

Það er félagsmanna að tilkynna um breytingar á félagsaðild og heimilisföngum til formanns. Þessar upplýsingar geta haft áhrif á atkvæðaskrá félagsins en hún ræður því hver fari með atkvæðið. Um atkvæðisréttinn fer eftir 40. gr. laga nr. 61/2006.

Kaldaðarnesi II, 28. september 2020, f.h. stjórnar Veiðifélags Árnésinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

Kaldaðarnesi II, 801 Selfoss. [jorundur@logbyli.is](mailto:jorundur@logbyli.is) S. 892-0372.

# Nýtingaráætlun Veidifélags Árneseinga fyrir lax- og silungveiði 2021 – 2025



## Efnisyfirlit:

- I. Lög og reglur sem nýtingaráætlun Veiðifélags Árnesinga byggir á.**
- II. Vatnasvæði Ölfusár – Hvítár.**
- III. Fiskar.**
- IV. Veiði, veiðinýting og rannsóknir.**
- V. Gildistími og endurskoðun nýtingaráætlunar Veiðifélags Árnesinga.**
- VI. Áætlun um veiðinýtingu.**
  - 1. Ráðstöfun veiði.
  - 2. Veiðitími og veiðiaðferðir.
  - 3. Reglur um netaveiði.
  - 4. Reglur um stangveiði.
    - 4.1 Lagaákvæði.
    - 4.2 Agn og laxastangafjöldi.

### **I. Lög og reglur sem nýtingaráætlun Veiðifélags Árnesinga byggir á.<sup>1</sup>**

Í lögum nr. 61/2006, um lax og silungsveiði, eru ákvæði um veiðinýtingu og nýtingaráætlanir. Byggir þessi nýtingaráætlun Veiðifélags Árnesinga á þeim og samþykktum félagsins nr. 991 frá 10. október 2008 auk rannsókna Hafrannsóknastofnunar á fiskistofnum vatnasvæðisins.

Byggir nýtingaráætlunin á þeirri forsendu að félagið ráðstafi veiði til félagsmanna þannig að þeim sé frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða.

Af ákvörðun aðalfundar um að félagsmönnum sé frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða leiðir að ekki verður í nýtingaráætluninni kveðið á um aðrar takmarkanir á veiði en byggja á friðunargrundvelli með stoð í lögnum.

### **II. Vatnasvæði Ölfusár – Hvítár.**

Veiðifélag Árnesinga telur til fiskgenga hluta vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár og nær til jarða við Ölfusá, Hvítá, og þveráa þess. Önnur veiðifélög eru um vatnasvæði Tungufljóts ofan við fossinn Faxe og um Varmá-Þorleifslæk en á þau svæði er einnig fiskgengt frá sjó. Starfræktar eru deildir við Tungufljót og Stóru-Laxá en að öðru leyti er ekki um deildarskiptingu að ræða.

Vatnasvið Ölfusár við ós er 6.100 km<sup>2</sup>. Ölfusá er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli um 400 m<sup>3</sup>/s. Upptök Hvítár eru í Hvítárvatni undir Langjökli. Hvítá fær einnig jökulvatn frá

---

<sup>1</sup> Ákvæðin eru að finna aftast í skjalinu.

Hofsjökli og frá Hagafellsjöklum um Hagavatn. Hagafellsjöklar skriða reglulega fram og valda aurflóði í Hvítá og Ölfusá, síðast árið 1999.

Hvítá er fiskgeng að Gullfossi um 95 km frá sjó. Helstu þverár Hvítár að austan eru Dalsá-Fossá og Stóra-Laxá. Litla-Laxá fellur til Stóru-Laxár nálægt ósi hennar við Hvítá. Að vestan renna, talið ofan frá; Tungufljót, Brúará, Slauka sem er afrennsli Hestvatns, Höskuldslækur og Sog. Heitir aðalain eftir það Ölfusá. Til Ölfusáróss rennur að vestan Varmá – Þorleifslækur. Fiskgengt er frá sjó í þessar ár ásamt smærri læki. Samtals er fiski gengt frá náttúrunnar hendi í um 288 km, þ.a. er meginvatnsfallið Hvítá og Ölfusá um 93 km. Tungufljót er fiskgengt frá náttúrunnar hendi að Vatnsleysufossi (Faxa) en vegna stiga þar er nú fiskgengt að Náttthagafossi, einnig er gengt fiski í þverár þess ofan stigans. Samtals er fiskgengi hluti Tungufljóts og þveráa þess um 39km. Fiski er gengt í um 22,5 km<sup>2</sup> af stöðuvötnum.

### III. Fiskar.

Hafrannsóknastofnun hefur stundað rannsóknir á vatnasvæðinu samfelld frá árinu 1986. Rannsóknir á seiðabúskap hafa m.a. leitt í ljós að á fiskgegna hluta ánnar er lax víðast hvar ríkjandi tegund, einkum í hlýrri og frjósamari ánum. Hrygning og uppeldi laxa er að finna bæði í þveránum sem jökulvatninu. Bleikju er helst að finna í kaldari hluta vatnasvæðisins einkum í lindánum, Sogi og Brúará, og efst í Hvítá. Uppeldi urriða er víða, einkum í smærri lækjum og í Ölfusá og Hvítá. Á vatnasvæðinu er einnig áll og flundra er í Ölfusárósi.

### IV. veiði, veiðinýting, rannsóknir og veiðiskráning.

Veiðar laxfiska hafa lengi verið stundaðar á vatnasvæðinu og er tilgangur félagsins með nýtingaráætlun að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna samkvæmt 1. gr. og 3. gr. 37. tl. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Frá árinu 1958 hafa veiðiréttarhafar ráðstafað lax- og silungsveiði sjálfir hver fyrir sínu landi. Hafa þeir ýmist leigt út stangveiðina, selt stangveiðileyfi, veitt sjálfir á stöng eða stundað netaveiði. Tungufljót og Stóra-Laxá eru einu árnar sem leigðar eru út til stangveiði í heilu lagi. Netaveiði er nú eingöngu stunduð í Ölfusá og Hvítá. Þar er einnig stunduð stangveiði en í þveránum er eingöngu stunduð stangveiði. Samhliða laxveiði er stunduð silungsveiði, bæði er um að ræða veiðar á staðbundnum og sjógengnum fiski. Á sumum veiðisvæðum, s.s. víða í Brúará og í Ölfusárósi, gefur stangveiði eingöngu silung. Merkingar á sjóbirtingi sýna að birtingur sem veiðist í Ölfusárósi er ekki eingöngu upprunninn af vatnasvæðinu heldur er einnig úr nálægum ám s.s. Þjórsá.

Veiðiálag hefur breyst í gegnum árin, sókn í netaveiði hefur minnkað en aukist í stangveiði.<sup>2</sup>

Vegna blandaðrar veiði í net og stöng og einnig vegna jökulvatns í meginfarvegi og bergvatns í hliðarám þarf að horfa til margra mismunandi þátta við veiðistjórnun og hefur Veiðifélag Árnesinga lagt og mun á gildistíma þessarar nýtingaáætlunar leggja áfram áherslu á rannsóknir, fylgja varúðarreglu og veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Áfram verður haldið rannsóknum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og leitað leiða til þess að mæla stofnstærð

<sup>2</sup> Á árunum eftir 1958 voru netin um 60 til 80 og lax veiddur með um 20 stöngum (Þór Guðjónsson 1964). Árið 2018 voru jarðirnar sem stunduð netaveiði um 17 talsins og veitt var á um 87 laxveiðistangir.



laxfiska á vatnasvæðinu og áhrif stang- og netaveiða á hrygningastofninn. Lögð verður áhersla á úrræði til að takmarka það tjón sem rennslissveiflur virkjana hafa á viðgang fiskistofna Sogsins. Áfram verða gerðar rannsóknir á seiðabúskap á vatnasvæðinu líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Með því móti verður áfram hægt að meta seiðaástand sem er mikilvægt við ákvarðanatöku vegna nýtingar fiskstofna á svæðinu og kunna að leiða til þess að tilefni verði til endurskoðunar þessarar nýtingaráætlunar á gildistíma hennar. Félagið mun leggja áherslu á erfðarannsóknir í þeim tilgangi að meta hlut einstakra laxastofna í göngum og veiðihlutfall þeirra. Upplýsingar úr rannsóknum verða nýttar til að setja þau viðmiðunarmörk fyrir stærð einstakra hrygningarstofna vatnasvæðisins sem þarf til að skila hámarksnýliðun eftir hvert foreldri.

Skrá skal alla veiði í samræmi við 13 gr. laga um lax- og silungsveiði og eftir samræmdu formi Hafrannsóknastofnunar. Upplýsingar skulu sendar Hafrannsóknastofnun um fjölda neta og þann tíma sem þau liggja í viku hverri og fjölda stangardaga. Skrá skal alla stang- og netaveiði og veita sem nákvæmastar upplýsingar um hvern einstakling m.a. lengd, þyngd og kyn.

Merktir fiskar eru veiðiuggakliptir og örmerki eru falin í trjónu laxins og afskorinn veiðiuggi er eina ytra einkenni um örmerkingu. Þegar veiðiuggaklipptur lax veiðist þarf að skera af honum trjónuna fyrir framan augu og skila henni til Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, með eftirfarandi upplýsingum:

- veiðivatn, veiðistaður og veiðidagur
- fisktegund, lengd og þyngd
- nafn og heimilisfang veiðimanns

## V. Gildistími og endurskoðun nýtingaráætlunar Veiðifélags Árnesinga.

Ákvæði þessarar nýtingaráætlunar byggja á lögum og reglum sem fylgt hefur verið í framkvæmd um árabíl. Nýtingaráætlun er ætlað að fastákveða veiðitímamann og kveða á um veiðinýtingu til framtíðar. Í ljósi ákvæða þessa kafla um endurskoðun á gildistímanum og ákvæða 24. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði<sup>3</sup> þykir ekki varhugavert að

---

<sup>3</sup> ■ 24. gr. *Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.*

Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur [Fiskistofa] <sup>1)</sup> sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>2)</sup> Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

[Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> að setja reglur um friðun tiltekinnna svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, enda sé veiði á þeim stöðum skaðleg fiskstofnum vatnsins.] <sup>3)</sup>

Friðun skv. 2. mgr. getur ýmist verið bundin við tiltekinn tíma eða ótímabundin. Ef sannað þykir að bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Ef eigi semst skal ákveða bætur með mati skv.

nýtingaráætlunin gildi til 5 ára, frá og með 2021 til og með 2025, að því gefnu að nýtingaráætlunin verði staðfest af Fiskistofu að fenginni jákvæðri umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Markmið nýtingar er að ekki sé veitt meira en svo að búsvæði laxaseiða séu vel setin. Ekki er enn þekkt hver stofnstærð laxa er á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eða hve hrygningarstofninn þarf að vera stór til að halda búsvæðum laxaseiða vel setnum. Rannsóknir hafa sýnt að almennt er góð fylgni milli laxveiði og stofnstærðar í íslenskum ám. Seiðarannsóknir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt að samband er á milli seiðapéttleika eins árs laxaseiða á vatnasvæðinu í heild og heildarlaxveiði tveimur árum áður. Laxveiði, án Tungufljóts, undir 3.800 löxum hefur ávallt gefið fremur slakan þéttleika eins árs laxaseiða. Endurskoða skal því nýtingaráætlun verði heildarlaxveiði miðað við núverandi sókn undir 4.000 löxum að meðaltali tvö ár í röð. Við endurskoðun skal taka til athugunar hvort við veiðistjórnun skuli setja önnur viðmið út frá þéttleika seiða.

Telji félagsmaður tilefni til endurskoðunar á gildistíma nýtingaráætlunarinnar skal hann senda stjórn félagsins rökstutt erindi um ástæður hans fyrir minni eða aukinni veiðifriðun.

Verði tilefni til endurskoðunar nýtingaráætlunar skal hún í samvinnu við Hafrannsóknastofnun leggja mat á hvaða markmiðum eigi að ná með aukinni veiðifriðun, hvort sérstakra aðgerða sé þörf varðandi einstakar ár og hvernig eigi að ná þessum markmiðum t.d. með minni veiðisókn stanga og neta og þannig að komi sem jafnast niður á félagsmenn. Tillögur stjórnar um breytingar á nýtingaráætlun skulu sendar félagsmönnum með aðalfundarboði og verða bornar undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Verði breytt nýtingaráætlun samþykkt tekur hún gildi eftir staðfestingu Fiskistofu að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Endurskoðun nýtingaráætlunar við lok gildistíma hennar skal haga þannig að komi ekki fram breytingatillaga fyrir árslok 2024 skal stjórn félagsins senda óbreytta áætlun til 5 ára til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og hún síðan borin upp á aðalfundi félagsins til samþykktar eða synjunar. Verði hún samþykkt fer hún til staðfestingar Fiskistofu að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar eins og lög gera ráð fyrir.

Nýtingaráætlunin tekur til alls félagssvæðis Veiðifélags Árnesinga þ.á m. Stóru-Laxár og Tungufljóts.

## **VI. Áætlun um veiðinýtingu.**

### **1. Ráðstöfun veiði.**

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga ár hvert ákveður veiðitilhögun fyrir næstkomandi almanaksár, þ.e. hvort ráðstafa eigi veiði til félagsmanna eða til annarra en félagsmanna. Tillögu um að ráðstafa veiði til annarra en félagsmanna skal auglýst í aðalfundarboði sbr. 4.

---

VII. kafla laga þessara.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr. <sup>3)</sup>L. 157/2012, 20. gr.

gr. samþykkt Veiðifélags Árnesinga nr. 991. Félagsmenn og deildir þurfa þar af leiðandi að hafa fyrirvara um þetta í langtímasamningum sínum um leigu veiðiréttar.

## 2. Veiðitími og veiðiaðferðir.

Fyrirliggjandi niðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar á fiskistofnum svæðisins og þróun veiða benda til að aukinnar friðunar sé þörf. Mikilvægt er að félagið eigi frumkvæði að aukinn friðun og hefst netaveiði seinna en hingað til svo tryggja megi sem best að stórlaxinn geti dreyft sér um vatnasvæðið og felur slík takmörkun í sér miklar takmarkanir á veiði frá því sem heimilt er að lögum. Með þessum auknu takmörkunum á veiðitíma og að í stangveiði færast í vöxt að sleppa veiddum fiski eftir veiði telur félagið ekki varhugavert að heimila deildum við Stóru-Laxá og Tungufljót að veiða lengur fram á haustið en öðrum eins og verið hefur en þar hagar svo til um veiði að deildirnar eru við ár efst á vatnasvæðinu og lax gengur að jafnaði seint í þær. Þá telur félagið ekki varhugavert að stangveiði byrji 21. júní ef öllum laxi er sleppt eftir veiði til og með 30. júní. Ákveði deild að veiða eftir 24. september þá skal að sama skapi og gildir í upphafi veiðitímans öllum laxi sleppt eftir veiði þá daga. Þá daga sem skylt er að sleppa laxi eftir stangveiði skal veitt með agni án agnhalds. Félagið telur að eftirfarandi veiðitími sé í samræmi við varúðarreglu lax- og silungsveiðilaga og markmið laganna um sjálfbærni en eins og að framan er rakið þarf að endurskoða nýtingaráætlunina verði heildarveiðin miðað við núverandi sókn undir 4000 löxum að meðaltali tvö ár í röð.

Á gildistíma þessarar nýtingaráætlunar er félagsmönnum Veiðfélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða:

- a) Silung frá og með 1. apríl til og með 24. september.
- b) Lax í net frá og með 1. júlí til og með 24. september.
- c) Lax á stöng frá og með 21. júní til og með 24. september en skylt er að sleppa öllum laxi eftir veiði frá 21. júní til og með 30. júní. Deildir geta ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldinn á við um deildir og aðra félagsmenn sem veiða lax á stöng. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur.

Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu.

Veiða má í lagnet, króknnet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi.

Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21.

Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímamann og að stórlaxi (70 cm eða stærri) verði sleppt eftir veiði þar sem því verður við komið. Ítrekað er að öllum laxi skal sleppt eftir stangveiði frá og með 21. júní til og með 30. júní og þá daga sem deildir ákveða að lengja veiðitímamann eftir 24. september.



Sleppa skal allri sjógenginni bleikju í vorveiði og mælt er til þess að það sé gert eftir því sem því verður við komið yfir veiðitímann.

### 3. Reglur um netaveiði.

Eftirfarandi ákvæði laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kveða á um þær takmarkanir sem þeir þurfa að sæta sem netaveiði stunda á félagssvæðinu.

#### ■ 22. gr. Gönguhelgi.

Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsta för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi.

Gönguhelgi tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik og ósasvæði skv. 1. mgr. 21. gr. Þó skal fiskur eiga frjálsta för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemur þriðjungi af breidd vatns.

Nú rennur straumvatn í kvíslum og skal þá haga veiði í hverri kvísl sem hún væri sérstakt vatn.

Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og skal þá skorið úr með mati skv. VII. kafla laga þessara.

#### ■ 27. gr. Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.

Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.

Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

[Fiskistofa] <sup>1)</sup> getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks. [Fiskistofu] <sup>1)</sup> er einnig heimilt að leyfa veiði með girðingum og kistum þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hún með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það sem segir í lögum þessum.

Ekki er heimilt að stunda samhliða veiði á stöng og veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti á sama svæði í straumvatni eða svæði stöðuvatns þar sem göngufiskur fer um.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

#### ■ 28. gr. Fastar veiðivélar í straumvatni.

Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Ekki má leggja lagnet svo að af verði gildra, og ekki má nota tvöföld net.

Á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert mega net þau er í 1. mgr. greinir, á þeim svæðum sem lax gengur um, ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum.

Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af [Fiskistofu], <sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>2)</sup>

Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömum megin í straumvatni eða ekki, skal jafnan vera hundrað metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Til fastrar veiðivélar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, svo og leiðari.

Ekki má fjölga föstum veiðivélum frá því sem var síðustu fimm árin fyrir gildistöku laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. [Fiskistofa getur þó, ef sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> heimilað fjölgun lagna.] <sup>3)</sup>

[Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu er Fiskistofu heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni. Skal áður aflað umsagnar [Hafrannsóknastofnunar] <sup>2)</sup> og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.] <sup>3)</sup>

Ef sannað þykir að ákvarðanir [Fiskistofu] <sup>1)</sup> skv. 5. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra veiðiréttarhafa í sama veiðivatni skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr. <sup>3)</sup>L. 157/2012, 20. gr.

## 4. Reglur um stangveiði.

### 4.1. Lagaákvæði.

Eftirfarandi ákvæði laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kveða á um þær takmarkanir sem þeir þurfa að sæta sem stangveiði stunda á félagssvæðinu.

■ 29. gr. *Stangveiði í straumvatni.*

Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

### 4.2. Agn og laxastangafjöldi.

Þá daga sem félagsmönnum er skylt að sleppa laxi eftir stangveiði skal nota agn án agnhalds. Félagsmönnum og deildum er á öðrum tímum í sjálfsvald sett hvaða agn er heimilað og hvort sett sé skilyrði í leigusamningum við útleigu eða sölu veiðileyfa að sleppa fiski. Mælst er til að stórlaxi (70 cm eða stærri) sé sleppt eftir veiði og veitt sé með agni án agnhalds.

Í töflu 1 kemur fram fjöldi stanga á laxveiðisvæðum sem heimild er fyrir á gildistíma þessarar nýtingaráætlunar.<sup>4</sup> Fjöldi stanga er yfirleitt bundinn við ákveðnar jarðir en t.d. í Stóru-Laxá og Tungufljóti er svæðaskipting. Ef tekin verður upp stangveiði á jörðum þar sem fyrir er aðeins netaveiði, hvort sem hún er stunduð eða ekki, er heimilt án samþykkis félagsins að veiða með einni stöng fyrir hvert net sem tekið er upp og heimild er fyrir í lögunum um lax- og silungsveiði. Verði óskað eftir leyfi fyrir fleiri stöngum en einni fyrir hvert net getur stjórn félagsins heimilað tvær stangir tímabundið fyrir hvert net en síðan fer stangarfjöldinn í lögboðið ferli þegar kemur að endurskoðun nýtingaráætlunar. Gert er ráð fyrir að stöngum geti fjölgað lítillega vegna upptöku neta en ekki af öðrum ástæðum. Þar sem veiði er stunduð frá hverri jörð fyrir sig eru jarðarmörk jafnframt mörk veiðisvæða.

Fjöldi laxveiðistanga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítar skipt eftir ám, ásamt fjölda laxveiðistanga á hvern km árfarvegir

<i>Vatnsfall</i>	<i>Fiskgengt km</i>	<i>Laxveiðistangir</i>	<i>Stangir á hvern fiskgengan km</i>
Tungufljót <sup>5</sup>	11	8	0,73
Stóra-Laxá	41	10	0,24
Litla-Laxá	23	2	0,09
Brúará	25	2	0,08
Hvítá	68	40	0,59
Sog	13	13	1,00
Ölfusá	25	12	0,48
Samtals		85	

<sup>4</sup> Úthlutun laxastanga og fjöldi byggir á skiptingu Veiðimálastjóra frá fyrri tíð og fylgt hefur verið um árabíl.

<sup>5</sup> Tungufljót neðan Faxa.

Í **Tungufljóti** er veitt með 8 stöngum fyrir neðan fossinn Faxe. Á því svæði eru að jafnaði 0,73 stangir á hvern km árfarvegur.

Í **Stóru-Laxá** eru veiðisvæðin fjögur og laxaveiðistangirnar 10. Neðstu tvö svæðin (svæði 1 og 2) eru veidd saman og ná frá landamerkjum Iðu að vestan og Litlu-Laxár að austan að og með Illakeri og þar er veitt með 4 stöngum. Veiðisvæði 3 er frá og með Rauðuskriðum að og með Undirgangi og þar eru leyfðar 2 stangir. Efsta veiðisvæðið (svæði 4) nær frá og með Bláhyl að og með Uppgöngugili í Laxárgljúfrum og eru þar leyfðar 4 stangir. Í ánni eru að jafnaði 0,24 laxastangir á hvern km árfarvegur.

Í **Litlu-Laxá** er heimilt að veiða með tveimur laxastöngum, óstaðbundið.

Í **Brúará** hefur tveimur laxastöngum verið úthlutað við Hagós. Á jörðum við Brúará, **Hagaós, Hólaá, Fullsæl, og Andalæk** er nær eingöngu bleikju- og urriðaveiði þó þar fáist stundum lax. Í Brúará eru 0,08 laxveiðistangir á hvern km.

Í **Hvítá** er heimild til veiða með 40 laxastöngum. Veiðisvæðin eru eftirfarandi, talið ofan frá: Tungufell og Jaðar (2), Haukholt (2), Höfði (2) Iða I og II (3), Skálholt (2) Gíslastaðir (3), Hamrar (3), Hestur (2), Hjálmholt (2) Kiðjaberg (3), Langholt I (2), Langholt II (1) Hallandi (1), Oddgeirshólar (2), Snæfoksstaðir (3), Stóra-Ármót (3), Vaðnes (2) og Öndverðanes (2). Á framangreindum jörðum er von á laxi þótt í mismiklum mæli sé og fyrst og fremst þar sem bergvatns gætir. Á sumum þessara jarða hefur stangveiðisókn verið mjög lítil undanfarin ár. Í Hvítá eru 0,59 laxveiðistangir á hvern km.

Í **Sogi** er heimilt að veiða með 13 laxastöngum. Veiðisvæðin eru talið ofan frá; Syðri-Brú (1) Bíldsfell og Tunga (3), Ásgarður (3), Torfastaðir I og II (2), Þrastarlundur (1), Alviðra (3). Í Sogi eru 1,0 laxastangir á hvern km árfarvegur. Í Ásgarðslæk hefur verið stunduð lítilsháttar stangveiði af landeigendum.

Í **Ölfusá** er heimild til veiða með 16 laxastöngum. Veiðisvæðin eru eftirfarandi talið ofan frá: Tannastaðir (2), Laugarbakkar (2), Hellir-Fossnes (6), Árbær (2). Að jafnaði eru 0,48 laxveiðistangir á hvern km árfarvegur í Ölfusá.

Í þessari upptalningu eru ekki silungastangir en miðað er við að þar sem veiddur er silungur á laxveiðisvæðum utan laxveiðitíma verði stangafjöldi sá sami. Fjöldi silungastanga er ekki þekktur á vatnasvæðinu og á sumum veiðisvæðum er hann ekki háður takmörkunum af hálfu veiðifélagsins. Verður þetta fyrirkomulag silungsveiða á vatnasvæðinu óbreytt með fyrirvara um að á gildistíma nýtingaráætlunarinnar verði ekki talið tilefni til endurskoðunar.

Nýtingaráætlun þessi var borin upp á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga til samþykktar eða synjunar þann ? 2020 og var samþykkt með ? atkvæðum gegn ?

■ **13. gr. Veidiskýrslur.**

- Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.
- [[Hafrannsóknastofnun] <sup>1)</sup> safnar veidiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veidiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veidiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.] <sup>2)</sup>
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til [Fiskistofu]. <sup>3)</sup> ... <sup>2)</sup>
- Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

<sup>1)</sup>L. 113/2015, 7. gr. <sup>2)</sup>L. 81/2008, 10. gr. <sup>3)</sup>L. 81/2008, 8. gr.

■ **17. gr. Veiðitími lax.**

- Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í 105 daga innan þess tímabils. [Fiskistofu] <sup>1)</sup> er heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er [Fiskistofu], <sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> heimilt að lengja um allt að fimmtán daga veiðitímabil skv. 1. málsl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt.
- Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.
- Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa] <sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa], <sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.
- Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
- a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
  - b. takmarkanir á notkun tiltekinnar veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
  - c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
  - d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

■ **18. gr. Veiðitími göngusilungs.**

- Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur [Fiskistofa], <sup>1)</sup> að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar], <sup>2)</sup> heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.
- Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa] <sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa], <sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.
- Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
- a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr. vegna doraveiði,
  - b. takmarkanir á notkun tiltekinnar veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
  - c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
  - d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

■ **19. gr. Veiðitími vatnasilungs.**

- Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa] <sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>2)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa], <sup>1)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.
- Í reglum skv. 2. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
- a. alfriðun veiðivatns um tiltekið tímabil,
  - b. tímabundna friðun innan veiðitímabils, t.d. um ákveðinn daga- eða vikufjölda,
  - c. takmarkaðar veiðar til heimilisþarfa á friðunartíma,
  - d. friðun vatnasilungs á hrygningarstöðvum,
  - e. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

<sup>1)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>2)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

■ **20. gr. Álaveiðar.**

- Álaveiðar eru heimilar allt árið. Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.
- [Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um álaveiðar, m.a. um að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.] <sup>1)</sup>
- Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa] <sup>2)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. <sup>3)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa], <sup>2)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tíma- eða staðbundnar friðanir áls og gerð og frágang heimilla veiðitækja.

<sup>1)</sup>L. 29/2018, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

■ **29. gr. Stangveiði í straumvatni.**

Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dauft, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

Veidifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu [fyrir tilgreindan árafjöldal].<sup>1)</sup> Slíkar reglur, **nýtingaráætlun**, skal [Fiskistofa]<sup>2)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].<sup>3)</sup> Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],<sup>2)</sup> að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda stanga sem á má veiða hverju sinni.

b. aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

Ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að krefjast mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

<sup>1)</sup>L. 14/2014, 1. gr. <sup>2)</sup>L. 81/2008, 8. gr. <sup>3)</sup>L. 113/2015, 7. gr.

■ **30. gr. Veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvatnum.**

Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.

Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.

Veidifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, **nýtingaráætlun**, skal [Fiskistofa]<sup>1)</sup> staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].

**Samþykkt fyrir Veidifélag Árnesinga nr. 991 frá 10. október 2008.**

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og efla arðsemi veiðihlunninda á félagssvæðinu og ráðstafa veiði sem hér segir:

1. Leiga á stangveiði.
2. Heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða á stöng.

Ráðstafa mega þeir stangaveiði til annarra með þeim takmörkum, sem veiðitilhögun félagsfunda og lög segja. Óheimilt er að stunda neta- og stangaveiði samhliða á sama veiðisvæði fyrir landi viðkomandi jarðar eða landareignar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

Ef ráðstafa á veiði til annarra en félagsmanna á félagssvæði, þarf að geta þess í fundarboði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema aðalfundur eða annar fundur í félaginu, löglega boðaður, samþykki. Í samþykkt fundar skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og samkvæmt þeim takmörkum sem lög og reglugerðir setja. Félagsmenn geta aðeins ráðstafað veiði til 1 árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið sé fram í fundarboði að lengri leigutími verði til umræðu. Félagssvæðið og staðhættir.







**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Veiðifélag Árnesinga  
B.t. Jörundur Gauksson, formaður  
Kaldaðarnesi  
801 Selfoss

Reykjavík 23.03.2020.

Efni: Umsögn Hafrannsóknastofnunar um nýtingaráætlun fyrir árin 2021-2025 fyrir Veiðifélag Árnesinga, sem félagið óskaði eftir með tölvuskeyti dagsettu 17.03.2020.

Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár er stórt og samsett af meginvatnsfalli sem er jökullitað og hliðarám með bergvatni. Veiðinýting er blanda af netaveiði, sem er að megininu til í jökulvatninu, og stangveiði í jökulvatni, í skilvatni við ósa bergvatnsánna og í bergvatnsánnum sjálfum.

Sú nýtingaráætlun sem nú er lögð fram er í meginatriðum svipuð þeirri nýtingu sem verið hefur í gildandi nýtingaráætlun. Breytingar eru að netaveiði hefjist ekki fyrr en 28. júní og að skylt er að sleppa öllum laxi úr stangveiði á tímabilinu frá 21.-27. júní og eftir 24. september. Mælst er til þess við landeigendur að hlífa stórlaxi en að ákvörðun um agn sé í valdi hvers landeiganda (deildar).

Veiðitölur eru til á vatnasvæðinu til margra ára en vitað er um veiðisvæði sem ekki skila veiðiskýrslum þótt lög geri ráð fyrir því. Vill Hafrannsóknastofnun beina því til veiðifélagsins að beita sér fyrir því að skýrslum sé skilað, en veiðiskýrslur eru afar mikilvægar til að fylgjast með nýtingu og framvindu fiskstofna. Góð veiðiskráning er í raun ein af forsendum ráðgjafar í veiðinýtingu. Hluti netaveiðimanna skráir afla í veiðibækur líkt og gert er í stangveiði. Með því fást dýrmætar upplýsingar um samsetningu veiðinnar. Betri skráning netaveiði með einstaklingskráningum fiska væri til mikilla bóta og jafnframt væri mikill fengur að fá greinargóðar upplýsingar um sókn, bæði í fjölda nýtttra netanáttu og nýtttra stangardaga sem taka má upp samfara bættri skráningu.

Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár var lengi mesta laxveiðisvæði landsins. Stofnstærð laxa er ekki þekkt á vatnasvæðinu en gera má ráð fyrir að laxveiði endurspegli að miklu leyti breytingar í stofnstærð eins og almennt er í ám landsins. Sókn hefur breyst í gegnum árin hún hefur dregist saman með fækkun neta en ekki er vitað hvort veiðihlutfall í netaveiði hafi lækkað að sama skapi. Í stangveiði hefur veiðitímabilið lengst en dregist saman með aukningu í veiða og sleppa. Mikill samdráttur hefur verið í veiði og líklega fiskgengd á vatnasvæðinu frá því sem var fyrir 1980 (1. mynd). Það ár varð mikið jökulhlaup í Hagavatni sem hafði áhrif á dreifingu veiði innan svæðisins það ár og væntanlega einnig veiðihlutfall og uppeldi seiða. Aftur varð jökulhlaup árið 1999. Auk þess var árferði á fyrri hluta níunda áratugarins óhagstætt laxastofnum á landinu almennt. Á þessum tíma varð mikill samdráttur í fiskgengd og veiði.

Frá því reglulegar seiðamælingar á vatnasvæðinu hófust árið 1985 hefur vísitala ársgamalla (1+) og tveggja ár (2+) lækkað umtalsvert, þó batamerki sjáist allra síðustu ár í kjölfar þess að að mest af veiðinni er veitt og sleppt í stærstu hliðaránum, Stóru-Laxá og Sogi (2. mynd). Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar (áður Veiðimálastofnunar) hafa sýnt að afkoma seiða og veiði hefur fylgst nokkuð vel að síðustu árin. (3. mynd). Ljóst er að atburðir tengdir hlaupum drógu úr fiskgengd og allar

líkur eru til að á þeim tíma hefði þurft að grípa til veiðitakmarkana, umfram þá minnkun á sókn í netaveiði sem hefur orðið. Þegar stofnstærðir (veiði) sveiflast um stöðugt lægra meðaltal samfara minnkandi seiðabéttleika, stendur hrygningarstofninn ekki undir framleiðslu og þá er um ofveiði að ræða. Fram hefur komið að aukið hlutfall göngulaxa hefur hrygnt eftir að net voru leigð á árunum 2006-2008 og með því að veiða og sleppa í hliðaránum. Við það stækkuðu hrygningarstofnar og seiðaframleiðsla jókst.

Hafrannsóknastofnun vill benda á að vandasamt og vafasamt getur verið að nota annað agn en flugu í stangveiði ef sleppa á laxi, líkt og lagt er til varðandi veiði frá 21. – 27. júní og mælist til að veiðifélagið taki það til skoðunar. Jafnframt vill stofnunin benda á að lax er nokkuð lengi á göngu upp vatnakerfið og til að ná því markmiði að draga úr sókn í stórlax í netaveiðinni er mögulegt að seinka opnun netaveiði á efri svæðum vatnakerfisins sem yrði hlutfallsleg miðað við seinkun veiði í Ölfusá.


Veiðifélagið setur sér mörk við endurskoðun nýtingaráætlunar við veiði undir 4000 löxum að meðaltali þrjú ár í röð, hlaupandi meðaltal. Hafrannsóknastofnun telur óvissa sé hér varðandi það hvort átt sé við meðaltal eða þröskuldsgildi en það að setja inn viðmið geti talist framför frá fyrri áætlun. Þekkt er að veiðihlutfall eykst eftir því sem gangan er minni en það samband er ekki þekkt fyrir vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Veiðitölur gefa því ekki sambærilega mynd af hrygningarstofni í árum þar sem veiði er mikil og þegar hún dregst saman. Sú þróun sem orðið hefur á vatnasvæðinu með minnkandi fiskframleiðslu virðist nokkuð ljós og eins og fyrr er getið hefði verið skynsamlegt að grípa fyrr til friðunaraðgerða með það að markmiði að forðast ofveiði og byggja upp stærri veiðistofn öllum veiðiréttarhöfum til hagsbóta. Hafa þarf í huga að fjöldi aðila sem stunda netaveiði hefur fækkað en ekki er þekkt hversu mikil áhrif það hefur haft á þann fjölda sem veiddur er í net. Hluti laxa í stangveiðinni er veiddur oftast en einu sinni sem skekkir samanburð við veiðitölur fyrri ára úr stangveiði. Lengst af hefur veiðitímabilið hafist 21. júní og staðið fram til 20. september. Eftir breytingar á laxveiðilögunum árið 1994 hefur veiðitími verið breytilegur og seinni ár hefur stangveiði í deildum verið heimil til 30. september. Ef ekki er veitt og sleppt eykur sú breyting veiðihlutfallið og minnkar hrygningarstofninn.

Samkvæmt 3. mynd er nokkuð ljóst að stærð hrygningarstofns hefur áhrif á nýliðun. Fyrir þann tíma sem veitt og sleppt var tekið upp í stærstu hliðaránum skilaði 4000 laxa veiði nýliðun sem var undir því að nýta framleiðslugetu svæðisins. Þegar horft er á 2. mynd bendir hún til að með aukningu í veiða og sleppa í stangveiði hafi seiðabéttleikinn aukist. Hafa þarf í huga að ekki er veitt og sleppt á nærri öllum stangveiðisvæðum vatnakerfisins, mest af því sem veitt er á stöng í jökulvatninu er landað og þótt heildar þéttleiki seiða vaxi er ekki víst að svo sé háttað á öllum svæðum. Hafrannsóknastofnun telur að miðað við fyrirliggjandi forsendur þyrftu vísitölur þéttleika 1+ seiða að vera a.m.k. 12-14 seiði á hverja 100 m<sup>2</sup> að meðaltali. Seiðarannsóknir síðustu fimm ára gefa meðaltalsþéttleika 1+ laxaseiða 13,3 seiði á hverja 100 m<sup>2</sup>. Finna þarf þann fjölda hrygningarfiska sem gefur a.m.k. þennan seiðabéttleika, það er sá stofn sem þarf að jafnaði að vera eftir í ánum til hrygningar.


Þegar veitt er úr blönduðum stofnum líkt og er á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár geta litlir stofnar/einingar verið undir miklu veiðiálagi (ofveiði) þó veiðiálag á vatnasvæðinu í heild sé mun lægra. Þar sem svo háttar til getur verið vandkvæðum bundið að finna veiðistjórnun sem tekur tillit til allra stofna/einingu sem er mikilvægt að gert sé til bæði að vernda þá stofna og nýta framleiðslugetu þeirra svæða sem þeir alast upp á. Hafrannsóknastofnun hvetur til þess að gerðar verði rannsóknir á hlutdeild einstakra stofna í veiðinni og að veiðihlutfall þeirra verði metið. Seiðamælingar (seiðabéttleiki) endurspeglar að miklu leyti stærð hrygningarstofna undangenginna ára og er því nokkuð góður mælikvarði á hrygningarstofninn og afkomu seiða. Eindregið er mælt til þess að sett verði viðmiðunarmörk fyrir stærð hrygningarstofna vatnasvæðisins líkt og Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) og Alþjóðalaxaverndunarstofnunin (NASCO) hafa lagt til að gert verði fyrir alla laxastofna við Norður-

Atlantshaf. Þar til betri forsendur fást til að setja slík mörk er hvatt til þess að viðmið séu sett út frá þéttleika seiða líkt og gert hefur verið í ám á Vesturlandi. Líklegt er að sú nálgun myndi nýtast betur en viðmið sett út frá lágmarksfjölda veiddra laxa. Þótt líffræðileg viðmiðunarmörk séu ekki skilgreind fyrir nýtingaráætlanir í lögum, heldur sóknarmark, er markmið laga um lax- og silungsveiði að nýting skuli vera sjálfbær og á ábyrgð veiðifélaga/veiðiréttarhafa. Þá ber að viðhafa varúðarreglu ef um vafa er að ræða.


Tengsl hrygningarstofns og nýliðunar í Sogi benda til að hrygningarstofn þurfi að vera 230 fiskar til að hann teljist ofan aðgerðarmarka og 378 laxar til að ná hámarks seiðapéttleika. Slík tengsl hafa ekki verið reiknuð fyrir önnur svæði á vatnakerfinu enn sem komið er.



1. mynd. Skráð laxveiði á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár á árunum 1958-2018. Myndin til vinstri sýnir fjölda veiddra laxa í stangveiði og netaveiði og myndin til hægri er stöðluð út frá meðaltali netaveiði og stangveiði (Z-score).



2. mynd. Vísitala fyrir þéttleika eins árs (1+) og tveggja ára (2+) laxaseiða í seiðamælingum samanlagt fyrir allt vatnakerfi Ölfusár og Hvítár á árunum 1985-2018.



3. mynd. Tengsl vísitölu seiðapétteleika eins ár seiða og fjölda laxa sem veiðast úr þeim árgangi á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár án Tungufliðs.

### Ábendingar

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að auka þurfi þekkingu á fiskstofnum vatnakerfisins einkum hvað varðar veiðiálag á einstaka stofna/stofneiningar. Byggja þarf ofan á þann mikilvæga grunn sem þegar er fyrir hendi um fiskstofna vatnasvæðisins m.a. með botngerðarmati á þeim hluta vatnasvæðisins sem eftir er að meta svo stærð og gæði búsvæða laxfiska liggi fyrir. Reikna þarf samband hrygningarstofns og nýliðunar og setja viðmiðunarmörk fyrir stærð þess hrygningarstofns sem þarf til að skila hámarksnýliðun eftir hvert foreldri.

Bæta þurfi veiðiskráningu á þeim svæðum þar sem ekki er skráð.

Bæta þurfi skráningu á sókn þ.e. fjölda nýtttra netanáttu og stangardaga til að fá mælikvarða í afla á sóknareiningu.

Augljóst er að hagsmunir einstakra veiðiréttarhafa eru ólíkir eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru. Það á einnig við um að hagsmunir þeirra sem stunda netaveiði og þeirra sem nýta eða leigja veiðirétt til stangveiði a.m.k. við fyrstu sýn. Benda verður á að þeir bera þó allir sameiginlega ábyrgð á því að nýtingin sé sjálfbær.

### Niðurstaða:

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að laxastofninn á vatnasvæðinu hafi verið undir þeim mörkum að skila hámarksafkastri eftir hvert foreldri. Nýtingaráætlunin ætti að miðast við að ná því markmiði að hrygningarstofninn sé að jafnaði það stór að búsvæði laxaseiða verði yfir viðmiðunarmörkum. Horfa þurfi heildstætt á nýtingu veiði á vatnakerfinu og gera þær ráðstafanir sem þarf til að ná markmiðum um sjálfbæra nýtingu.

Hafrannsóknastofnun leggur til að setja viðmið við þéttleika seiða og stærð hrygningarstofns fremur en fjölda veiddra laxa og skv. fyrirbyggjandi gögnum virðist þéttleikavísitala 1+ laxaseiða þurfa að vera a.m.k. 12-14 seiði á hverja 100 fermetra botnflatar. Það er þó að öllum líkindum misjafnt milli einstakra svæða innan vatnakerfisins sem þá þarf að greina frekar.

Orðalag „mælt er til“ er veikt orðað í nýtingaráætlun og býður upp á mistúlkanir og því mælt til að það sem við er átt sé skýrt orðað í nýtingaráætlun. Veiðifélagið taki alvarlega að leita leiða til að stækka hrygningarstofna vatnasvæðisins, auka með því fjölda gönguseiða sem alast þar upp og stækka göngur

Þegar þau skila sér aftur úr hafi. Þótt það þýði tímabundnar veiðitakmarkanir er afar líklegt að það myndi skila sér í aukinni fiskgengd og auknum veiðimöguleikum þegar til lengri tíma er litið.

Nýtingaráætlunin tekur mjög veikt til veiða á silungi, urriða (sjóbirtingi) og bleikju (sjóbleikju). Samkvæmt seiðamælingum hefur þéttleiki urriðaseiða farið vaxandi á vatnakerfinu undanfarin ár en bleikjuseiðum hefur fækkað. Í nýtingaráætluninni þyrfti að skýra frekar hvernig silungsveiðum verði stjórnað á sjálfbæran hátt.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Guðni Guðbergsson*

---

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

